

KVIKMYNDIR

mánaðarins

FIGHT FOR FAMILY

IDRIS ELBA
BEAST

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK





Stundum er það alvöru skrímsli sem býr til skráfið

Idris Elba fer fyrir einvalaliði leikara í þessum æsispennandi trylli um föður sem, ásamt tveimur dætrum sínum á táningsaldri, lendir á flótta undan gríðarlega stóru ljóni sem virðist staðráðið í því að sanna að Savanna sé undir yfirráðum þess. Stundum er skráfið í runnanum í raun og veru skrímsli.

Elba leikur dr. Nate Daniels, sem nýlega er orðinn ekkill og snýr aftur til Suður-Afríku þar sem hann fyrst hitti konuna sína. Ferðin hefur verið lengi í undirbúningi og dætur hans eru með í för. Áfangastaðurinn er verndarsvæði villtra dýra sem gamall fjölskylduvinnur og líffræðingur sem sérhæfir sig í villtum dýrum stýrir.

Ferðin, sem átti að vera hvíld og heilun, breytist fljótt í ógnvænlega baráttu fyrir lífi og limum þegar ljón, sem sloppið hefur úr klóm veiðipjófa og lítur á allar mannverur sem óvini, situr um þau.

Dætur dr. Daniels eru leiknar af Lyana Halley, sem leikur hina 18 ára gömlu Meredith, og Leah Sava Jeffries, sem leikur hina 13 ára gömlu Norah.

Beast er enn eitt stórvirkið úr smíðju Baltasars Kormáks, sem hefur haslað sér völl á stóra sviðinu í kvikmyndunum og er á góðri leið með að verða eitt af stóru nöfnunum í Hollywood.

Framleiðandinn er ekki af verri endanum. Will Packer, sem hefur komið að framleiðslu mynda á borð við Girls Trip og Ride Along myndaflokknum, auk tíu kvikmynda sem allar hafa verið í fyrsta

Fróðleikur

- Árið 2001 útnefndi European Film Promotion Baltasar Kormák eina af risandi stjörnum evrópskrar kvikmyndagerðar.
- Idris Elba var plötusnúður og gekk undir nafninu „Big Driis the Londoner“.
- Idris Elba hefur verið sjóðheitur aðdáandi Lundúnaliðsins Arsenal frá 15 ára aldri þótt hann hafi aðeins farið á tvo leiki með liðinu.
- Á níunda áratug síðustu aldar vann Idris Elba hjá Ford bílaframleiðandanum í Bretlandi.
- Daniel Craig stakk upp á því að Elba gæti orðið næsti James Bond. Elba sýndi því ekki mikinn áhuga.
- Í júní 2016 lýsti Elba, ásamt Sir John Hurt, Helenu Bonham Carter, Keiru Knightley og Cöru Delevingne, yfir stuðningi við áframhaldandi veru Bretlands í ESB í aðdraganda Brexit-atkvæðagreiðslunnar.

» Ferðin, sem átti að vera hvíld og heilun, breytist fljótt í ógnvænlega baráttu fyrir lífi og limum.

sæti á frumsýningarhelginni í Bandaríkjunum. Meðal þeirra eru Night School, No Good Deed og Think Like a Man.

Meðal mynda sem Baltasar Kormákur hefur leikstýrt og framleitt eru Mýrin, Contraband, Djúpið, 2 Guns (með Denzel Washington og Mark Wahlberg), Everest og Adrift.

Baltasar hefur margoft verið tilnefndur til verðlauna um víða veröld fyrir list sína og hlotið verðlaun á virtum kvikmyndahátíðum á borð við San Sebastian á Spáni, Locarno á Ítalíu, Karlovy Vary í

Frumsýnd
24. ágúst 2022

Aðalhlutverk:
Idris Elba, Sharlto Copley, Lyana Halley og Leah Jeffries

Handrit:
Ryan Engle og Jaime Primak Sullivan

Leikstjórn:
Baltasar Kormákur

16

Tékklandi, Ístanbúl í Tyrklandi, Gautaborg í Svíþjóð, CinemaCon í Bandaríkjunum, Berlín í Þýskalandi, auk þess sem hann hefur unnið Edduna ítrekað. ■

Háskólabíó, Laugarásbíó, Smárabíó og Sambíóunum Álfabakka, Egilshöll, Akureyri og Keflavík.

Betri melting & öflug þarmaflóra

Góð melting
er undirstaða
góðrar heilsu!



ENZYMEDICA®

Enzymedica meltingarensímin hjálpa þér að brjóta niður fæðuna og melta betur. Digest eru einkaleyfisvarin meltingarensím sem getað hjálpað til við að slá á óþægindi tengd meltingu.

Njóttu matar án magaónota!

1-2 hylki með mat.



Bio-Kult®

www.bio-kult.is

Heilbrigð þarmaflóra með góðgerlunum frá Bio-Kult.

Bio-Kult stendur vörð um þína heilsu.

Sölustaðir: Apótek og heilsuhillur stórmarkaða.



Myndin höfðar til hins hugsandi áhorfanda sem tekur sig ekki of alvarlega.



Áleitnar spurningar og æsispennandi atburðarás

Ladybug (Brad Pitt) er ólánsamur leigumorðingi sem er staðráðinn í að skila næsta verkefni sínu óaðfinnanlega eftir að hafa mistekist of oft að undanfögnu. Örlögin hafa hins vegar annað á þróunum.

Þetta nýjasta verkefni Ladybug leiðir hann út í baráttu við banvæna andstæðinga hvaðanæva að í heiminum. Allir hafa þeir hver sitt verkefnið, sem tengjast en stangast á, um borð í hraðskreiðustu járnbrautarlest í heimi. Leiðarlök er rétt byrjunin í þessari miklu þeysireið um tæknivætt Japan samtímans.

Raunar hafði Ladybug ætlað að setjast í helgan stein og snúa baki við lífi sínu sem leigumorðingi, en höndlarinn hans, Maria Beetle, dregur hann aftur inn í leikinn til að ná í skjalatösku á lest sem kennd er við byssukúlu vegna þess hve hraðskreið hún er og er á leiðinni frá Tókíó til Kýótó og stoppar aðeins á örfáum stöðum á leiðinni.

Um borð í lestinni kemst hann að verkefni sínu og sama gildir um hina leigumorðingjana sem eru keppinautar hans.

Spurningin er, hver leigumorðingjanna kemst lífs af frá lestinni og hvað biður þeirra á enda-stöðinni?

Að myndinni kemur einvala lið og klippingin er í öruggum höndum okkar eigin Elísabetar Ronaldsdóttur, sem allir vita að er ávísun á góða mynd.

Í myndinni gengur Ladybug í gegnum sálarkreppu. Meira og minna öll verkefni hafa mistekist hjá honum að undanfögnu og hann er farinn að komast að þeirri niðurstöðu að það eina sem þessi verkefni eigi sameiginlegt sé hann. Ólánið elti hann og hafi áhrif á

Fróðleikur

■ Leikstjórinn David Leitch og Brad Pitt hafa oft unnið saman áður. Um árabíl var Leitch áhættuleikari fyrir Pitt, meðal annars í Fight Club (1999), Ocean's Eleven (2001) og Mr. & Mrs. Smith (2005).

■ Brad Pitt gerði nær öll áhættuatríði sín sjálfur í þessari mynd.

■ Sandra Bullock kom í stað Lady Gaga í myndinni.

■ Joey King leikur bardagaþróttamanneskju sem heitir Prince í þessari mynd. Í myndinni Princess, sem líka var gerð á þessu ári, leikur hún prinsessu sem er sérhæfð í blandaðri bardagalist.

» Bullet Train er ekki þriðja eða sjöunda myndin í einhverri myndaröð. Hún fjallar ekki um gerviheim ofurhetja. Þetta er mynd um fólk með mannlega eiginleika, bresti og breyskleika.

Komin í bíó

Aðalhlutverk:
Brad Pitt, Joey King, Aaron Taylor-Johnson, Brian Tyree Henry, Andrew Koji, Hiroyuki Sanada, Michael Shannon og Sandra Bullock

Handrit:
Zak Olkewicz, byggt á bók eftir Kotaro Isaka

Leikstjórn:
David Leitch

16

vinnuna hans. Nú þarf hann að skila sínu, ekkert má klikka.

Í Bullet Train koma saman sjö persónur, sem allar hafa fengið tengd verkefni sem eru í mót-sögn hvert við annað og nokkuð ruglingsleg á stundum. Áhorfandinn fær innsýn í mannlegu hlið þessara leigumorðingja. Ladybug vill verða betri manneskja og áhorfandinn skynjar umhyggju persónanna hver fyrir annarri.

Einhvern veginn er áhorfandinn dreginn í ferðalag með miskunnarlausum morðingjum sem honum stendur ekki á sama um, hann skemmtir sér með þeim og hlær að bröndurunum hjá þeim.

Bullet Train er ekki þriðja eða sjöunda myndin í einhverri myndaröð. Hún fjallar ekki um gerviheim ofurhetja. Þetta er mynd um fólk með mannlega eiginleika, bresti og breyskleika.

David Leitch, leikstjóra myndarinnar, tekst að gera hasarmynd sem ekki er bara röð hraðklipptra slagsmálasena heldur höfðar til hugsunar og skopskyns áhorfandans. Myndin höfðar til hins hugsandi áhorfanda sem tekur sig ekki of alvarlega. ■

Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Sambíóunum Egilshöll, Álfabakka og Kringlunni





ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI HÚÐ MEÐ ICEHERBS



Sótt í smiðju til hins óborganlega Mel Brooks

Hank er ægilega elskulegur og krúttlegur hundur sem dreymir stóra drauma um að verða stórkostlegur samúræja-hermaður. Hann heldur af stað í leit að frægð og frama en því miður finnur hann ekkert nema bæinn Kakamucho, sem tekur ekkert sérlega vel á móti honum.

Í Kakamucho sker hann sig úr svo um munar vegna þess að hann er hundur og allir aðrir í bænum eru ... kettir! Og, eins og við vitum, þá hata kettir hunda.

Hank vill umfram allt gera bæjarbúum til hæfis og óafvitandi verður hann þátttakandi í djöfullegri og sjálfsskulegri átletun Ika Chu um að losa Kakamucho við alla sína íbúa. Aðeins ein lítil hindrun stendur í vegi fyrir áformum Ika Chus um heimsyfirráð (ókei, Kakamucho-yfirráð) og ófėtið ætla að véla Hank til að hjálpa sér að reka íbúana á brott í eitt skipti fyrir öll.

Kemur þá til sögunnar Jimbo, fyrrum samúræja-hetja sem fallið hefur í ónáð og Emiko, herskár kettlingur sem elur með sér svipaða drauma og Hank. Þessi ólíklega þrenning leggur nú upp í för sem krefst þess að þau hristi af sér fordómama og öðlist skilning á því hvað sönn vinátta er.

Hundurinn Hank er byggð á ódauðlegri gamanmynd eftir Mel Brooks, Blazing Saddles (1974), og það eitt ætti að duga til þess að pabbi og mamma (eða kannski afi og amma?) bjóði sig fram til að fara með ungvíðið í bíó. Engum getur leiðst, svo mikið er víst. ■

Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Sambíóunum-Akureyri og Keflavík



- Fróðleikur
- Myndin átti upphaflega að heita „Blazing Samurai“ með vísun í að hún er í raun endurgerð á „Blazing Saddles“ eftir Mel Brooks. Brandarar og orðalag var sett í fjölskylduvænni búning.
 - „Jimbo“ er stytting á „yojimbo“ sem þýðir lífvörður á japönsku en tekur líka mið af nafninu á persónunni sem Gene Wilder lék í Blazing Saddles, Jim.
 - Hundurinn Hank er samúræ-endurgerð á vestrnum Blazing Saddles en sögulega hafa margar samúræja-myndir verið endurgerðar sem vestrar. Meðal þeirra er Yojimbo (1961) sem var endurgerð sem Fistful of Dollars (1964).

» Í Kakamucho sker hann sig úr svo um munar vegna þess að hann er hundur og allir aðrir í bænum eru ... kettir! Og, eins og við vitum, þá hata kettir hunda.

Frumskýnd
10. ágúst 2022

Aðalhlutverk:
Sigurður Þór Óskarsson, Góí Karlsson, Karl Örvarsson, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Júlía Katrín Sigmundsdóttir og Steinn Ármann Magnússon

Handrit:
Ed Stone, Nate Hopper, Mel Brooks, Norman Steinberg, Andrew Bergman og Richard Pryor

Leikstjórn:
Chris Bailey, Mark Koetsier og Rob Min-koff



Fljúgandi furðuhlutir og voveiflegir atburðir

Eftir dularfullt andlát föður þeirra erfa systkinin OJ (Daniel Kalu-uya) og Emerald Haywood (Keke Palmer), sem engin samskipti hafa haft í mörg ár, bugarð fjölskyldunnar í Kaliforníu.

Fljótlega verða fjölskyldan og starfsfólkið þess vör að yfirsíkilvitlegir atburðir virðast hafa áhrif á atferli manna og dýra.

Systkinin telja að dauði föður þeirra tengist einhverju sem virðist vera fljúgandi furðuhlutur. og þau reyna að fá sannanir fyrir máli sínu með því að fanga fyrirbærið á myndskéið, tækni-sölumaðurinn Angel Torres og fræðslumyndagerðarmaðurinn Antlers Holst.

Forsagan er sú að árið 1998 ræðst simpansinn Gordy, sem er stjarna gamanþáttaraðarinnar Gordy's Home, á þrjá meðleikara sína og limlestir þá eftir að honum bregður við það að heliúmblaðra springur með hveli. Yngsti leikarinn í þáttunum, Ricky „Jupe“ Park, felur sig undir borði og sleppur ómeiddur þótt honum sé mjög brugðið. Simpansinn finnur Jupe og gerir hnefasnertingu (e. fist bump) við hann í þann mund sem verðir skjóta hann til bana.

Líða nú mörg ár og í samtím-anum temur Otis Haywood eldri og þjálfar hesta á búgarði sínum fyrir kvikmynda- og sjónvarps-framleiðslu á búgarði sínum. Þegar hann lætur lífið við það að smápeningur sem fellur á óút-skýranlegan hátt af himnum ofan og lendir í auga hans erfa börnin hans, Emerald og Otis „OJ“ yngri. búgarðinn.



- Fróðleikur
- Jordan Peele, sem skrifaði handritið og leikstýrði myndinni, segir að King Kong og Jurassic Park myndirnar, vísindaskáldsagnamyndirnar Closen Encounters of the Third Kind (1977) og Signs (2002), auk ævintýramyndarinnar Galdrakarlinn frá Oz (1939) hafi verið honum innblástur við gerð myndarinnar.
 - Í myndinni klæðist Emerald grænu og OJ appelsínugulu, en OJ getur einmitt staðið fyrir appelsínusafa og emeraldinn er grænn.
 - Nope er fyrsta spennutryllirinn sem er kvikmynduð með IMAX myndavélum.

OJ reynir að halda starf-seminni gangandi og viðhalda föðurarfleifiðinni en Em freistar gæfunnar í Hollywood. Hálfu ári síðar tryllist einn hesturinn við upptökur þegar honum bregður. OJ missir samninginn við kvik-myndaframleiðandann og lendir í miklum fjárhagserfiðleikum með reksturinn.

Hann neyðist til að selja hesta til Jupe, sem hefur sett á fót skemmtigarð þar sem hann gerir út á lífsreynslu sína þegar Gordy trylltist áratugum fyrr.

En ekki er allt sem sýnist. Undarlegir og voveiflegir atburðir gerast og fléttan flækist. ■

Frumskýnd
10. ágúst 2022

Aðalhlutverk:
Daniel Kaluuya, Keke Palmer, Brandon Perea, Michael Win-cott og Steven Yeun

Handrit:
Jordan Peele

Leikstjórn:
Jordan Peele



Háskólabíó, Laugarásbíó, Smára-bíó og Sambíóin Álfabakka, Egils-höll, Akureyri og Keflavík



NJÓTUM ÞESS AÐ ELDAST MEÐ

Femarelle®




Femarelle Rejuvenate

Hentar konum sem eru að upplifa fyrstu einkenni hormónabreytinga og áður en óregla kemst á blæðingar.



Femarelle Recharge

Fyrir konur sem eru komnar á breytingarskeiðið og blæðingar óreglulegar eða hættar.



Femarelle Unstoppable

Fyrir konur sem eru komnar yfir breytingaskeiðið og vilja viðhalda kraftmiklum lífstíl og vernda beinin þegar árin færast yfir.

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur sem vilja koma jafnvægi á hormónastarfsemina.

Femarelle fæst í þremur tegundum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa.

REYNSLUSÖGUR



„Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum.“
Soffía Káradóttir



„Ég fann strax mun á mér eftir fyrsta pakkann sem var alveg magnað. Núna hef ég notað Femarelle í dágóðan tíma. Þessi vara er svo sannarlega að virka.“
Magðalena Magnúsdóttir



„Hitakófin hættu, vakna ekki lengur á nóttinni og fótapirringur er minni eftir að ég fór að taka inn Femarelle.“
Halldóra Ósk Sveinsdóttir

Femarelle fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana

Skemmtileg fróðleikskorn úr kvikmyndasögunni

Sumar og snjór

Það hefur snjóað hressilega í Drekgili að undanfögnu, sem er heldur fjarstæðukennt svona að sumri til.

Það snjóar þó ekki bara í Drekgili á miðju sumri, heldur einnig í kvikmyndinni The Wizard of Oz (Galdrakarlinn í Oz), kvikmyndin hefur sér þó til afsökunar að tilheyra þeirri grein kvikmynda sem kallast fantasiur. En snjórinn fer að falla í því fræga atriði þegar Dorothy (Judy Garland) og vinir hennar ganga óvænt út á stórt blómaengi fyllt af valmúa, í leit sinni að galdrakarlinum.

Eins og við er að búast var það vonda nornin sem seitt hafði fram þennan eittraða akur, en mjólkursafi valmúans inniheldur efnið ópi-um, sem meðal annars getur kallað fram svefn. Dorothy og ljónið, einu lífverurnar í hópnum, verða fyrir áhrifum eitursins og sofna á akrinum. Þá kemur góða nornin til hjálpar og kallar fram snjókomu til



Ekki var vitað um skaðsemi asbests þegar Galdrakarlinn í Oz var tekin upp.

að hressa þau við og vekja og tekst það svona glimrandi vel.

Segir ekki meira af ferð þeirra félaga hér, hins vegar var þarna á ferðinni annað eitug og raunverulegt, því snjókornin voru gerð

úr asbesti, því stórhættulega og krabbameinsvaldandi efni, en svona gervisnjókorn voru vinsæl á fjórða áratugnum og mikið notuð sem jólas kraut á heimilum.

Notkun asbests var víðtæk, til



Vinsælt, baneitrað jólas kraut í Bandaríkjunum á síðustu öld.

» Það snjóar þó ekki bara í Drekgili á miðju sumri, heldur einnig í kvikmyndinni The Wizard of Oz.

að mynda sem byggingarefnis, en seinna kom í ljós hversu hættulegt það var heilsu fólks. The Wizard of Oz var frumsýnd 25. ágúst 1939, en hálf öld átti eftir að liða uns Umhverfisstofnun Bandaríkjanna bannaði notkun asbests endanlega, eða ekki fyrr en 12. júlí 1989. ■

Karlar eru í konuleit

Í rómantísku gamanmyndinni The 40 Year Old Virgin, í leikstjórn Judds Apatow, er aðalhlutverkið í höndum hins fjölhæfa leikara Steve Carrell, sem einnig er mörgum meðal annars kunnur í hlutverki Michaels Scott í amerísku útgáfu sjónvarpsþáttanna The Office, fyrir utan þær fjölmörgu kvikmyndir sem hann hefur leikið í.

Í The 40 Year Old Virgin er Carrell í hlutverki hins fertuga og svolítið njarðarlega Andy Stitzer sem vinnur í raftækjafyrirtæki, er upptekinn í tölvuleikjum og við að sinna safni sínu af „action“ figúrum. Eins og titill myndarinnar gefur til kynna er hann hreinn sveinn, þrátt fyrir áhuga hans á konum. Vinir hans hvetja hann til að reyna að eignast vinkonu og upphéfst þá leikurinn.

Eitt af því sem vinir hans telja geta aukið möguleika hans á að ganga í augun á hinu kyninu er að fjarlægja bringuhárin með vaxmeðferð og fara þeir með honum á snyrtistofuna til halds og trausts.



Sársaukinn var ósvikinn, sem og undrunin sem skein úr svip Steve Carrell, sam aldrei áður hafði farið í vax.

Leikarinn Steve Carrell hafði aldrei farið í svona meðferð og hafði því enga hugmynd um hversu sársaukafull svona háreyðing er. Hann var með þá kenningu að takan yrði að vera raunveruleg því að sá sársauki sem hann gæti imyndað sér væri miklu verri en sá sársauki sem leiðir af háreyðingu af þessu tagi og því yrði senan fyndnari ef þetta væri raunverulega framkvæmt og engin bröggð kvikmyndalistarinnar kæmu við sögu.

Í atriðinu eru vinir hans viðstaddir, en það eru þeir David (Paul Rudd), Jay (Romano Malco), Cal (Seth Rogan) og Mooj (Gery Bednob). Viðbrögð þeirra og svipurinn sem kemur á Carrell er ótrúlegur sem og orðbragðið sem fylgir í kjölfarið og nokkuð ljóst að þar var ekki farið eftir handritinu. Fimm tökuvélar þurfti til að taka atriðið upp, því að augljóslega var ekki hægt að endurtaka það. Þetta atriði þykir með þeim fyndnustu í kvikmyndasögunni. ■

Skrifað í stjörnur

Rómantíska gamanmyndin Bridget Jones's Diary (2001) í leikstjórn Sharon McGuire hefur glatt margan kvikmyndaáhorfandann víða um heim.

Kvikmyndin er aðlögun eftir samnefndri bók breska rithöfundarins ástsæla Helen Fielding. Bókin kom út árið 1996 og var hún byggð á verki Jane Austin, Pride and Prejudice (útg. 1813), eða Hroki og hleypidómar eins og titillinn var þýddur.

» Aðspurð hvort hún sæi eftir að hafa sleppt hlutverkinu segir hún hógvæ eitt hvað á þá leið að svo vel hafi tekist til með myndina að þetta hljóti allt að hafa verið skrifað í stjörnur.

Óumdeilt er að valið í leikara-hópin sem stóð að gerð kvikmyndarinnar Bridget Jones' Diary var einstaklega vel heppnað og Renée Zellweger sló algjörlega í gegn í myndinni, að öðrum ólöstuðum. Það var hins vegar ekki Renée sem fyrst var boðið



Toni Colette var of upptekin til að leika Bridget Jones.



Renée Zellweger sló eftirminnilega í gegn í hlutverki hennar ógleymanlegu Bridget Jones.

hlutverkið, því að framleiðendur höfðu hugsað sér Toni Colette, þá frábæru leikkonu, í hlutverkið. Toni var hins vegar upptekin við að leika á Broadway í sangleiknum The Wild Party.

Aðspurð hvort hún sæi eftir að hafa sleppt hlutverkinu segir hún hógvæ eitt hvað á þá leið að svo vel hafi tekist til með myndina að þetta hljóti allt að hafa verið skrifað í stjörnur. ■